

## TÚLKUN

### **varðandi flokkun skuldbindinga ríkisaðila við útreikning á eiginfjárkröfum fjármálafyrirtækja**

Túlkun þessari er ætlað að veita fjármálafyrirtækjum nánari leiðsögn um flokkun þeirra lögaðila sem tilheyra íslenska ríkinu við útreikning á eiginfjárkröfum vegna útlánaáhættu. Með túlkuninni er sett fram tæmandi talning á lögaðilum sem tilheyra íslenska ríkinu og njóta fyrirgreiðslna hjá fjármálafyrirtækjum. Viðkomandi aðilum er skipt í 4 flokka, þ.e.

- *central governments*
- *administrative bodies*
- *SA corp*
- *SA inst*

Ofangreind skipting er í samræmi við uppsetningu COREP skýrslu Fjármálaeftirlitsins, um útreikning á eiginfjárkröfum fjármálafyrirtækja, og á sér einnig stoð í 11., 13., 15. og 16. gr. reglna um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja, nr. 215/2007. Í viðauka við þessa túlkun er að finna heildarlista yfir lögaðila sem tilheyra íslenska ríkinu. Áhættuvogir aðila sem tilheyra íslenska ríkinu geta verið áhættuvog íslenska ríkisins, áhættuvog fjármálafyrirtækja eða áhættuvog fyrirtækja og ræðst það af niðurröðun viðkomandi aðila í framangreinda flokka. Í viðaukanum er einnig að finna mat Fjármálaeftirlitsins á því hvort heimilt sé að milda áhættuskuldbindingar framangreindra aðila á grundvelli ríkisábyrgðar eður ei.

Mat Fjármálaeftirlitsins byggir á greiningu á stöðu lögaðila sem tilheyra íslenska ríkinu samkvæmt fjárlagafrumvörpum, þ.e. til hvaða hluta fjárlagafrumvarpa aðilar tilheyra. Jafnframt er við matið stuðst við sérlög sem, eftir atvikum, gilda um lögaðila sem tilheyra íslenska ríkinu. Aðilar sem tilheyra A- hluta fjárlaga teljast sjálfkrafa vera í ríkisábyrgð, en aðilar sem tilheyra B-, C-, D- eða E-hluta teljast einungis vera í ríkisábyrgð sé sérstaklega kveðið á um það í lögum.

Það er álit Fjármálaeftirlitsins að við skil á gögnum í COREP skýrslu Fjármálaeftirlitsins beri fjármálafyrirtækjum að flokka þá aðila sem taldir eru upp í viðaukanum í samræmi við upplýsingar í sama viðauka. Ennfremur ber að meðhöndla áhættuvogir og mildun áhættuskuldbindinga í samræmi við forskrift viðaukans.

## Viðauki

Ríkisaðilar	COREP	Áhættuvog	Mildun v. ríkisábyrgðar
<b>Skuldabréf útgefin af ríkissjóði</b>	Central gov	Ríkisins	n.a.
<b>Ríkisaðilar í A-hluta</b>	Adm bodies	Ríkisins	n.a.
<b>Ríkisfyrirtæki í B-hluta</b>			
Happdrætti Háskóla Íslands	Adm bodies	Ríkisins	n.a.
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	Adm bodies	Ríkisins	n.a.
Íslenskar orkurannsóknir	SA corp	Fyrirtækja	Já
<b>Lánastofnanir í C-hluta</b>			
Lánasjóður íslenskra námsmanna	Adm bodies	Ríkisins	n.a.
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	SA corp	Fyrirtækja	Nei
Byggðastofnun	SA inst	Fjármálafyrirtækja	Já
Orkusjóður	Adm bodies	Ríkisins	n.a.
Bjargráðasjóður	Adm bodies	Fjármálafyrirtækja	Nei
Íbúðalánasjóður	SA inst	Fjármálafyrirtækja	Já
<b>Fjármálastofnanir í D-hluta</b>			
Seðlabanki Íslands	Central gov	Ríkisins	n.a.
Viðlagatrygging Íslands	SA inst	Fjármálafyrirtækja	Já
<b>Hluta- og sameignarfélög í eigu ríkisins E-hluti</b>			
Eignarhlutir ehf	SA corp	Fyrirtækja	Nei
Grímshagi ehf	SA corp	Fyrirtækja	Nei
Isavia ohf	SA corp	Fyrirtækja	Nei
Íslandspóstur hf.	SA corp	Fyrirtækja	Nei
Matís ohf.	SA corp	Fyrirtækja	Nei
Nýr Landspítali ohf.	SA corp	Fyrirtækja	Nei
Orkubú Vestfjarða hf.	Adm bodies	Fyrirtækja	Nei
Rarik ohf.	Adm bodies	Fyrirtækja	Að hluta
Ríkisútvarpið ohf.	SA corp	Fyrirtækja	Að hluta
Landsvirkjun hf.	SA corp	Fyrirtækja	Að hluta *
Vísindagarðar Háskóla Íslands ehf.	SA corp	Fyrirtækja	Nei

Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf.	SA corp	Fyrirtækja	Nei
Rannsókn- og háskólanet Íslands hf.	SA corp	Fyrirtækja	Nei
Landsbankinn hf.	SA inst	Fjármálafyrirtækja	n.a.
Vísindagarðurinn ehf.	SA corp	Fyrirtækja	Nei
Öryggisfjarskipti ehf.	Adm bodies	Fyrirtækja	Nei
Neyðarlínan hf.	Adm bodies	Fyrirtækja	n.a.
Tæknigarður hf.	SA corp	Fyrirtækja	Nei
Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf.	SA corp	Fyrirtækja	Nei
Situs ehf.	SA corp	Fyrirtækja	Nei
Landskerfi bókasafna hf.	SA corp	Fyrirtækja	Nei
Vaðlaheiðargöng hf.	SA corp	Fyrirtækja	Nei
* Eldri skuldbindingar Landsvirkjunar eru í ríkisábyrgð en fyrirtækið þarf sérstaka heimild ráðherra til að stofna til nýrra skuldbindinga með ríkisábyrgð.			